

Endurminningar Helgu Sigurðardóttur á Barkarstöðum (1847–1920). Lbs 363 fol.



Helga Sigurðardóttir. Mynd: Sarpur (Byggðasafnið í Skógum, A-MRL-37).

Helga Sigurðardóttir fæddist 4. júní 1847 á Barkarstöðum í Fljótshlíð. Endurminningar sínar skrifaði hún á árunum 1911–1918 og eru þær varðveittar í eiginhandarriti hennar Lbs 363 fol. Helga rekur æviferil sinn frá vögggu og fram til ársins 1918. Í fyrri hluta endurminninganna segir Helga ýmsar skemmtilegar sögur af sjálfri sér og öðrum, allt þar til hún giftist Helga Jónssyni frá Árbæ í Holtum 18. júlí 1868.

Þegar hjónabandsævin hefst í Árbæ fara endurminningarnar að snúast meira um samferðamennina og eyðir hún talsverðu púðri í að lýsa prestum sínum og öðrum embættismönnum sveitarinnar. Ýmsar forvitnilegar mannlýsingar má þar finna og skondnar sögur. Furðu vekur aftur á móti að Helga lýsir engum á heimilinu nema tengdamóður sinni. Við það að Helgi deyr 3. janúar 1891 stígur Helga ögn meira inn á svið sögunnar, einkum eftir að

hún fluttist á Eyrarbakka og síðar til Reykjavíkur. Samferðamennirnir, einkum embættismenn, eru þó fyrirferðarmestir í frásögn hennar.

Alla jafna er Helga umtalsgóð og semur vel við þá sem hún á skipti við. Fögrum orðum fer hún um sveitunga sína í Fljótshlíðinni og Holtunum sem og ýmsa vini og kunningja á Bakkanum. Hún er þó óhrædd við að segja kost og löst á fólki ef svo ber undir. Enginn fær ferlegri útreið en séra Stefán Hansson sem var prestur hennar fyrstu árin í Fljótshlíðinni og er ef til vill vert að vara viðkvæma við.

Fyrir kemur að Helga lýsi útliti fólks en oftar leggur hún áherslu á eiginleika þess. Aldrei gerir hún tilraun til að lýsa sjálfri sér en samt stendur hún ljóslifandi fyrir hugskotssjónum manns eftir lesturinn. Það má þakka ýmsum molum sem hún lætur falla um eðliseigindir sínar. Bókaást hennar kemur víða fram í endurminningunum og hún kvartar sáran yfir skorti sínum og annarra kvenna á skólagöngu og menntun. Hún öfundaði bræður sína og hlutskipti þeirra, hún „hafði ekki neina löngun til að læra neitt af því sem kvenfólki bar að gera“ heldur langaði hana „til að lesa í bók, skrifa og smíða“. Og þegar hún gifti sig segir hún fullum fetum að hún hafi verið „ónáttúruð“ fyrir það hlutskipti sem beið hennar. Ekki er hins vegar annað að sjá en að henni hafi liðið vel í Árbæ, frásagnir hennar af þeim árum, þó rýrar séu, benda ekki til annars. Helga lést 23. ágúst 1920.

Texti endurminninganna er færður til nútímahorfs en alla jafna haldið í orðmyndir. Villur voru leiðréttar án auðkenna. Ritháttur Helgu er tíðum á reiki og því var það ráð gjarnan tekið að samræma til nútímamáls til að rugla lesanda ekki í ríminu. Aftast í endurminningunum er þessi athugasemd Helgu: „Ég hef lítið brúkað með punkta né kommur vegna þess að ég fann þar stóran vanmátt minn að hafa þá á réttum stöðum“. Punktur og kommur voru því sett eftir smekk og til að auðvelda lestur.

Guðrún Ingólfssdóttir, mars 2025.

Endurminningar

Ég, Helga Sigurðardóttir, er fædd á Barkarstöðum í Fljótshlíð 4. júní 1847. Foreldrar mínir voru Sigurður Ísleifsson frá Seljalandi, Gissurarsonar, Gottskálkssonar og Ingibjörg Sæmundsdóttir, Ögmundssonar, Högnasonar prests á Breiðabólstað sá er gekk með 8 sonum sínum hempuklæddur út í kirkjuna á Breiðabólstað. Ég var þriðja barnið í röðinni af tíu systkinum sem komust til fullorðinsára. Ekki man ég neitt hver skírði mig en mér var sagt seinna að það hefði gert sóknarpresturinn síra Stefán Hansson, og ætla ég að minnst á hann síðar.

Á fjórða árinu man ég fyrst eftir viðburðum sem skeðu, til dæmis þá komu dætur Eiríks Sverrisens¹ sýslumanns í Kollabæ til okkar. Ekki man ég nöfn þeirra nema einnar, hún hét Guðlaug. Þegar þær voru að fara af stað um kvöldið vorum við krakkarnir þar á vakki eins og oftast þegar gestir voru að fara, því okkur þótti gaman að sjá gestina og svo hestana. Þá segir Guðlaug við mig: „Langar þig ekki til að ríða?“ „Jú“, sagði ég í hálfum hljóðum, ég var svo sem feimin við sýslumannsdótturina. Færði mig samt nær henni þar sem hún var að fara á bak við traðargarðinn. Tók hún mig svo upp á hné sér og reiddi mig niður traðirnar og austur að bæjarlæknum. Þar lét hún mig af baki og kyssti mig á kinnina og þótti mér það skrýtið. Ég hugsaði með mér, það má þá líka kyssa á kinnina. Ég held ég geri það þá líka þegar ég er orðin stór því ég ímyndaði mér að það mætti ekki gera nema fullorðið fólk. Í þetta ferðalag þótti mér ekki lítið varið.

Daglega dreif nú fátt á dagana, þeir liðu óðfluga áfram í glaðværum hóp systkina minna og mátti oft rata til baðstofunnar, sem þá var kallað, þegar mikil háreysti var inni. Mest kvað að ærslunum og ólátunum þegar mamma var ekki inni. En þegar við heyrðum til hennar í stiganum datt allt í dúnalogn í þann svipinn því hún lét okkur krakkana akta sig og vandi okkur snemma á að hlýða sér og hefur maður ómetanlegt gagn af því í framtíðinni að hafa fengið gott uppeldi.

Nú ætla ég að minnst á síra Stefán Hansson sem bjó í Valstrýtu. Hann þótti í meira lagi lítilfjörlegur klerkur. Ræður vita ónýtar að minnsta kosti þegar hann var að tala um Stóru-Þverá og því um líkt. Það var sagt af gárungunum að það væri eins og sauðarvala væri á fleygiferð í munninum á honum. Tónið var aðeins tveir háir skrækir sem hann rak upp, sem skóf óþægilega innan eyrun. Utan kirkju tók ekki betra við. Einu sinni kom elsta systir mín út að Strýtu (svo var prestssetrið kallað í daglegu tali). Guðrún prestsdóttir og hún voru jafnöldrur og því kunningjastúlkur. Þetta var á sunnudagsmorgni og átti prestur að messa í Teigi um daginn. Mátti því fara seint á fætur þar örstutt var til kirkjunnar. Þegar hún kemur inn í baðstofuna stendur klerkur á hnjánum á rúmstokknum alnakinn og er að skaka strokkinn. Ekkert brá honum þó hún kæmi inn, hélt áfram verki sínu í mestu makindum þangað til skilinn var strokkurinn.

Þegar hann var fyrir altarinu og var að útdeila sakramentisfólki þraut stundum vínið í kaleiknum eins og oft á sér stað. Sneri hann sér ekki við heldur teygði sig yfir til altarisins til að ná í flöskuna, tók tappann úr með tönnunum og henti honum úr munninum upp á altari. Vani hans var að kasta klút á höfuðið á þeim sem seinast fékk úr kaleiknum til að muna hvar hann átti að byrja aftur. Einu sinni hafði hann gleymt að kasta klútnum og komst þá í vandræði.

¹ Hann var Sverrisson.

Snarar sér að kerlingu og segir: „Hefurðu fengið?“ Kerla svarar lágt og hikandi: „Já“, sem prestur hefur ekki vel heyrt og segir síðan: „Súptu á aftur“. Um þetta kvað svo einn sóknarbóndinn vísu þessa:

„Hefurðu fengið?“ aðspyr oft,
aumur hempu fauti.
„Súptu á aftur svo er gott“.
Sá er líkur nauti.

Margt mætti tína fleira til en ég læt þetta nægja. Síra Stefán hefur sagt af sér prestskap í kringum 1854 því 1855 var síra Jóni Þorleifssyni Prestaskólakandidat veitt Fljótshlíðarþing sem þá voru aðeins Teigs- og Eyvindarmúlasóknir. Foreldrar mínir tóku hann fyrir kostgangara um vorið þegar hann kom og þá hef ég verið á 8. árinu. Veturinn næsta fór hann að kenna þremur elstu systkinum mínum skrift, reikning og dönsku og mér að draga til stafs og líka stautaði ég alltaf hjá honum. Líka hlýddi hann mér yfir það sem ég lærði í kverinu seinna meir. Meira var nú ekki talað um á þeim árum með telpur, en hvað ég öfundaði bræður mína hvað þeir fengu að læra meira en ég fékk. Mig langaði svo mikið til að fá að læra reikning og dönsku en aldurs míns vegna var það ekki hægt. Hefði klerkurinn verið 4–5 ár lengur en hann varð, hefði ég fengið hvoru tveggja. En forlögin höguðu því öðruvísi en ég óskaði og þess bið ég aldrei bætur síðan.

Síra Jón var þessi ágætis kennari. Það var ekki hægt að hugsa sér hann betri. Hann kenndi tveimur piltum undir skóla þessi árin sem hann dvaldi í Hlíðinni, Hirti Jónssyni frá Krossi í Landeyjum og Páli Jónssyni frá Stórólshvoli og gekk vel fyrir báðum í framtíðinni. Hann var einstaklega góður við okkur krakkana, ekki hvað síst við mig, að fólkið sagði, og því samþykkti ég svo hjartanlega. Því hreint að segja fannst mér ég elska hann af öllu hjarta og fyrir hvern mun langaði mig til að þóknast honum eftir megni.

Mér er í minni einu sinni að honum var illt í stóru tanni á hægri fætinum nokkra daga. Ég var fjörug, satt að segja skvetta. Við mættumst í göngunum, ég á harða spretti svo ég var búin að stíga ofan á veiku tána áður en ég vissi af svo hann hljóðaði upp yfir sig og ávítaði mig hvað ég væri óstillt. Svo skildum við, hann fór inn í stofu en ég skaust fram í smíðahúsið hans pabba míns og grét sáran því mér féll þetta mjög þungt. En mitt í sorginni kemur prestur til mín, klappar mér á kinnina og segir: „Komdu með mér inn í stofu, Helga mín“. Ég þurrkaði fljótt af mér tárin, fór ánægð en þó sneypst á eftir honum inn í stofu. Þar tekur hann pappír og penna, gefur mér og segir: „Þetta máttu nú eiga og passaðu að vera stillt stúlka framvegis“. Ég lofaði því og hljóp upp um hálsinn á honum og tók hann því með blíðu. En hversu vel ég hef efnt það loforð mitt skal ég láta ósagt því efndanna er vant þó heitin séu góð, segir máltækið.

Síra Jón var mjög skemmtilegur og glaður þegar hann gat notið sín fyrir lasleika. Las danskar sögur á daginn og sagði okkur þær svo á kvöldin og stytti það hinar löngu vetrarvökur því það var eins og hann læsi þær á bókina. Einu sinni heimsótti síra Jón bónda einn í Teigssókninni. Hann hét Auðun og var alltaf kallaður timburmaður. Hann var fjarskalega grobbinn og sjálfhælinn. Prestur sat lengi hjá honum og hafði gaman af sögum hans sem hann hafði alltaf nóg af við hvern sem hann talaði. Um kvöldið þegar prestur ætlar að fara að hugsa til heimferðar segir hann: „Ég er nú búinn að standa lengi við hjá yður Auðun minn, mér til mikillar ánægju og

skemmtunar“. Þá segir Auðun karlinn: „Þér megið þá segja eins og meistari Jón Vídalín sagði við Guðmund heitinn Bergþórsson:

Heiðarlegur hjörva grér,
hlaðinn dyggð og sóma,
ekki hót ég yfir hann ber,
utan hempu tóma.

Síðan kvaddi prestur og sagði okkur þessa sögu þegar hann kom heim um kvöldið.

Mikið var Auðun gamli rogginn yfir meistara sínum sem hann svo kallaði. Hann sagði hann hefði kallað sig á dönsku „Boström“ en hét réttu nafni Jón Jónsson Borgfjörð. Þegar ég var hjá honum að læra smíðina fór ég oft snemma til smíða minna. Einn morgun kom „Boström“ til mín fyrr en hann var vanur og segir:

Fast hef ég hausinn frekt um of,
fast við koddann niður,
gott er veðrið Guði sé lof,
góðan daginn smíður.

Það var gaman og meira að segja hlægilegt þegar Auðun gamli var að ganga um gólf með höndur og handleggi samanlagða. Alltaf þegar hann komst á endann hélt hann uppi vinstri fætinum og snerist svo á hægri hælnum eins og skopparakringla í hálfhring. Hvað hann var liðugur að þessu svo fullorðinn maður, þau árin sem ég man eftir honum. Það var auðséð að hann hefur vanið sig á það á yngri árunum. Guðný kona Auðuns var honum mjög lík í mörgu. Hún var mikið upp með sér að eiga timburmanninn. Eitt sinn sat hún undir veiku barni sem þau áttu. Þá segir hún við sjálfa sig: „Þú ert timburmannsins sonur þó þú deyir hjartað mitt“.

Bóndi einn spaugsamur kom einu sinni á heimili þeirra hjónanna og talaði lengi við húsfreyju og hælir manni hennar á hvert reipi fyrir það hvað hann sé góður smíður og segir svo að lokum við hana: „Hefur maðurinn þinn, Ingibjörg mín,² ekki smíðað sólina?“ Hún svarar: „Nei, en eins fallett hefur hann smíðað“. Allt fyrir þetta þótti Auðun karlinn óvandvirkur kleinsmiður.³ Læt ég svo úttalað um timburmanninn sáluga.

Mér og fleirum til mæðu gifti síra Jón sig um vor eftir að hafa verið 3 ár á Barkarstöðum, stúlku frá Fljótsdal, Ingunni Árnadóttir, og var það næsti bær við Barkarstaði. Hann fluttist þangað strax eftir giftinguna og í því var mæðan innifalin, að sjá á bak honum af heimilinu. Hann dvaldi þar aðeins eitt ár. Oft kom hann til okkar þegar heilsan leyfði en of sjaldan þótti mér það, sér í lagi um veturinn því þá lá hann langa og æði stranga legu. Mamma mín fór alltaf annan hvern dag að gera honum til góða því sjúkdómurinn var svoleiðis lagaður að þess þurfti með og vildi hann ekki að aðrir gerðu það en hún. Hún var orðin svo vön því á meðan hann dvaldi hjá henni. Eftir nokkra vikna legu komst hann á fætur og hresstist það að hann fór að koma til okkar þegar gott var veðrið á útmánuðunum og um vorið. Og man ég hvað glaðnaði yfir mér þegar ég sá hann koma innan veiturnar á Mola sínum, svo hét hesturinn hans.

² Áður er hún sögð heita Guðný.

³ Járnsmíður, blikksmíður.

Ég gleymdi alveg að minnast á það að veturinn seinasta sem hann var á Barkarstöðum gaf hann mér einu sinni í forskrift vísu sem hann orti og síra Páll Jónsson, þá orðinn prestur á Hesti í Borgarfirði, setti í Snót sem þá kom út nýprentuð. Mér gramdist að einu orði var breytt í vísunni, hver það hefur gert veit ég ekkert um, mér fannst svo sem það ekki vera mikið til bóta, þvert á móti. Vísan er svona:

Senn kemur vorið og sumarið blíða,
senn fara lömbin að hlaupa um mó.
Senn munu lifna í lautunum hlíða
litfögru blómin sem huldust af snjó.
Senn verður riðið um rennslétta grund
reiðskjótum vökrum á fagnaðarstund,
lifnar þá allt sem að vettlingi veldur,
og veturinn tekur að hrista af sér,
við skulum þá ekki Helga mín heldur,
horfa í að fara og tína okkur ber.

Þessu var ekki lofað upp í ermina sína því um sumarið þegar berin voru fullþroskuð fór prestur með heilan hóp inn í Þórólfsfell í berjaleit. Ekki sáum við Njál gamla Þorgeirsson né neitt af því fólki sem þar var til forna. En bæjarrústirnar hans sáum við og sátum þar og komst þá margt á góma frá fyrri tíðum þó ég væri þá lítið farin að hnýsast í Njálu.

Ég tindi mín ber í litla tínu sem ég átti og var búin að fylla hana um kl. 6. Svo var lagt á stað þegar allir voru búnir að fylla ílátin. Nú langar allan hópinn til að koma að Fljótsdal og fá sér hressing enda var þar aldrei riðið fram hjá. Allir ætla nú að skilja berjaílatin eftir á traðargarðinum. Páll litli sem við kölluðum, og áður er á minnst, tók mína tínu og teygði sig á hestbaki eftir henni, en hvað skeði, hún opnast og dettur með öllu saman ofan í moldugar traðirnar. Ég hélt eftir bara lokinu. Mér þótti skaðinn slæmur. Allir fóru af baki og fóru að ná berjunum sem gekk illa, svo síra Jón stingur upp á því að allir skuli nú skjóta saman svo ég fái skaðann bættan, og hafði enginn á móti því, svo ég varð fljótt eins ánægð með berjatínuna mína eins og hinir. Svo fórum við og fengum okkur kaffi og síðan heim og svo er ferðasagan á enda.

Vorið eftir þessa ferð, 1859, fluttist síra Jón alfarinn úr Fljótshlíðinni að Ólafsvöllum á Skeiðum og þann dag man ég á meðan ég lifi því mig minnir að ég vætti stóran klút með tárur mínum. Nokkrum árum síðar kom enn á heimili foreldra minna ungur klerkur, Guðmundur Gísli Sigurðarson (síra Stefán Stephensen var þrjú ár í millitíð). Hann kom 2. september 1865. Ef satt skal segja kom þar köttur í bólið bjarnar að öllu leyti því það voru þeir ólíkustu menn sem hugsast gat, því honum get ég ekkert til gildis talið nema að hann var gott skáld og þykir mér gaman af kvæðunum hans sem hann orti hjá okkur um veturinn sem voru flest til foreldra minna og okkar systkinanna.

Nú ætluðum við systurnar sem nú vorum orðnar svo mörgum árum eldri (ég 19 ára en hinar yngri) að hugsa okkur gott til nýkomna prestsins að fá að læra hjá honum, sér í lagi dönsku. Við fengum strax leyfi mömmu okkar því hún ann allri menntun svo ekki stóð nú á neinu. En viti menn, hvað gerir klerkur, hann fór með okkur einn dag, segi og skrifa, einn einasta dag niður í stofu og situr með okkur einn einasta klukkutíma, geispandi og gapandi út undir eyru af

ólystinni yfir þessu starfi. Svo var nú kennslunni lokið þennan veturinn. Ég ímynda mér að við hefðum getað haft töluvert gagn af vetrinum hefði hann verið vel notaður.

Dálítið verð ég að lýsa þessum klerki meira en komið er hvað skemmtilegur hann var í daglega lífinu. Einn sunnudag sem oftast bar honum að messa í Teigi. Það var mikill snjór og veður ekki gott svo mamma sagði honum um morguninn að núna þýddi ekkert fyrir hann að fara því enginn mundi koma til kirkjunnar. En hann vildi ekki samsinna því með henni og fer nú á stað og einhver með honum. Samt líður nú að kveldi að ekki kemur klerkur og erum við farin að hugsa að messað hefði verið. En þegar við erum að tala um það opnast hurðin á kamesinu sem mamma og við krakkarnir voru inn í og stendur klerkur þar og stígur fram á fótinn og segir: „Komið þér nú sælar. Svo fór sem yður grunaði að ekki var messað. Ég má alltaf trúa því sem þér segið en ég fór ekki til ónýtis samt. Ég spurði, ég skírði. Ekki er allt búið enn. Margrét á Hærri-Þverá harðþunguð“. Þetta minnir mig að hann hefði allt í einu andartaki, svo bar hann óðan á, eftir þetta allt saman. Hvíldi hann sig svolitla stund þangað til að hann fór að minnast aftur á Margréti á Hærri-Þverá og lögðum við gárungarnir svo út að hann væri farinn að hlakka til að fá skírartollinn því um þess háttar hugsaði hann drjúgum.

Mikið langaði hann til að ná í bóndadætur í Hlíðinni eftir því sem honum sagðist sjálfum frá. Spurði mikið um hvort þessi og þessi væri ekki trúlofuð. Það var áreiðanlegt að hann sárlangaði til að gifta sig. Stundum þegar hann fór seint á fætur sagði hann: „Ekki held ég mér henti þessi fótaferð þegar ég á að fara að sjá fyrir hyski mínu“. Stúlkur voru ekki forlyftar í honum þó hann hefði gengið menntavegin. Einu sinni fór hann að leggja á hestinn sinn, þá var hnakkurinn öfugur á hestinum, hann í haftinu. Með það stígur hann á bak og dinglar öllum öngum, lygnir aftur augunum þar eð hesturinn vildi ekki hreyfa sig úr sporunum. Fer af baki og segir: „Skárri er það bölvuð óþægðin í jálkinum“.

Mikið sagðist honum af því hvað sér hefði verið gert rangt til við burtfararprófin í skólanum, sér í lagi Prestaskólanum. Sagðist hafa átt miklu betra skilið og var þó ákaflega upp með sér. Þá kastaði hann fram vísu í gremju mikilli, hún var svona:

Klerkaskóli komst á ról,
konungs eftir boðum,
eigingirnir á þar skjól
undir hræsnis voðum“.

Oft minntist hann á Guðbjörgu á Kleifum. Við vissum nú ekkert fyrst hver hún var þangað til að hann sagði okkur að hún væri dóttir Eggerts bónda á Kleifum. Mig minnir í því byggðarlagi sem hann var uppsprottinn. „Mikið vildi hún ná í mig en ég vildi ekki sjá hana“ og talaði um hana ætíð með fyrirlitningu. En hvað skeði, þegar hann kom vestur aftur varð hún konan hans. En ekki varð sambúðin löng, mig minnir 20 dagar, en eftir það hann giftist skrifaði hann pabba mínum bréf og langt ljóðbréf með, ansi skemmtilegt. Þar lýsir hann konu sinni og segir meðal annars: „Konan mín er gædd ágætum sálargáfum og verklegum dugnaði“. Eftir þetta skildu þau og hann fór að verða ruglaður og mig minnir ekki betur en hann væri það í 14 ár. En það er ekki víst að mig minni það rétt.

Þegar ég fer að hugsa um þetta allt núna í seinni tíð, skoða ég þetta orðið á annan veg en ég gerði á meðan ég var ung, þar eð ég held helst að hann hafi ekki verið alveg með öllum mjalla, sem kallað er, eða að minnsta kosti vantað eitthvað og iðrar mig þess þá að ég hef verið að tína þetta upp. Samt ætla ég að halda áfram með smásögur um hann en ég vil passa að þær séu sannar og ekki ýktar.

Einu sinni um veturinn gekk hann austur í bæjargil á alauðri jörð. Hann var svo sem 15 mínútur úti. Jörð var alauð en var að byrja að drífa. Þegar hann kemur inn þá lítur hann út um gluggann og segir: „Skárri er það nú snjórinna sem kominn er. Hann er víst búinn að drífa snjó í klifberafjöll“. Enginn gat samt verið að samsinna honum með þetta.

Um veturinn kom biskupsbréf til allra presta og hann fékk náttúrlega eitt. Ég man ekkert hvað það var, það var einhver skipun til þeirra. Þegar hann er búinn að lesa bréfið segir hann: „Á ég ekki að trúá að prestarnir fái „gatskrekk“⁴“. Á þessum orðum er hann svo að klifa víst heila viku eða lengur hvar sem hann var staddur úti sem inni og var það heldur óskemmtilegt stagl. Um vorið þegar við vorum að mylja á túnunum kemur hann máské þangað því alstaðar var hann að flækjast. Þá segir hann við okkur: „Hvað verður nú farið að gera þegar búíð er að mylja. Verður þá ekki farið að slá“.

Í apríl var hann við jarðarför jústisráðs Magnúsar Stephensens í Vatnsdal. Hann var á íslenskum skóm, hann átti ekki hina til. Þegar hann var inn í stofu ásamt hinum embættismönnum var hann alltaf að troða sér upp fyrir stóla eða annað þvílíkt til að láta þá ekki sjá skóna sína. En þegar hann kom heim sagði hann: „Það voru allir höfðingjarnir á blánkskóm nema ég“.

Til allrar lukku yfirgaf þessi klerkur okkur í fardögum um vorið því hann fékk veitingu fyrir Gufudal í Barðastrandasýslu og fagnaði ég yfir hans burtferð. Þá voru ekki vættir margir klútar, ég held það hafi enginn saknað hans þó það væri nokkur mismunur hverninn hann var umborinn.

Á vinnufólkið verð ég að minnast sem ég ólst upp með. Mér þótti vænt um það allt að undanskildum öðrum vinnumanninum, hann hét Brandur. Hann stríddi okkur krökkunum svo mikið og aldrei meira en þegar foreldrar mínir voru ekki heima. Til dæmis þegar hann missti kind, annaðhvert úr pestinni eða einhverju öðru, þá mausaðist hann við það sjálfur og hafði það í keraldi frammi í búri og var svo að gefa vinnukonunum með sér bita en setti okkur börnin alltaf hjá. En okkur langaði í bita líka og hef ég oft furðað mig á því síðan ég varð eldri hvað börnin geta verið barnaleg að taka sér slíkt nærri.

Annar vinnumaðurinn hét Jón, hann var þó dálítið öðruvísi lagaður. Hann hafði kistu sína út í skemmu eins og allt vinnufólkið hafði. Þar geymdi hann góðgæti, brauð og sykur sem hann gæddi kunningjum sínum á sem sóttu hann heim. Þangað var nú ekkert slæmt fyrir okkur að koma enda spöruðum við það ekki þegar hann labbaði þangað með kunningja sína. Síðast dó hann hjá okkur eftir margra ára vinnumennsku.

Vinnukonurnar voru okkur allar góðar. Guðrún Magnúsdóttir hét eldakonan. Einu sinni reyndist hún okkur systrunum vel sem oftár þó. Svo stóð á hvört vor að vaka þurfti yfir túni og engjum

⁴ Prófkviða eða ótta við að gera villu.

Því vörn var mikil. Við systkinin vöktum til skipta tvö og tvö saman, það þótti skemmtilegra. Á hvítasunnudagsnótt bar mér að vaka ásamt systur minni. Flet var í hjallinum sem við lögðum okkur í til skipta en þessa nótt höfðu báðar sofnað fulllengi og vitum ekki fyrr en Guðrún Magnúsdóttir stendur fyrir framan okkur og er að vekja okkur. Kálgarðar og tún voru full af fé þegar hún kom á fætur svo ekki var nú fallett ástandið þegar vaknað var. Foreldrar mínir fóru til Teigskirkju því bróðir minn átti að fermast um daginn. Fólkið sem heima var furðaði stórum á því að við skyldum ekki fara að sofa eins og við vorum vanar en við sögðum að við ætluðum að vaka um daginn til hátíðabrigðis á hvítasunnudaginn. En aldrei sagði Guðrún gamla frá háttalagi okkar, svona var hún í mörgu fleira. Önnur hét Sigurveig, hún var einstaklega notaleg við okkur krakkana. Til dæmis vakti hún yfir túninu fyrir okkur þegar vont var veður. Fleira mætti um þær allar segja en ég læt hér staðar numið.

Þeirra bæja verður að minnast þar sem ég kom á, á þessum árunum. Þeir voru ekki svo margir, ég gerði ekki víðreist. Það var Fljótsdalur, konurnar þar voru ágætiskonur við mig. Þær hétu Guðbjörg Eyjólfsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir. Þangað var ég oft send. Árkvörn var næsti bærinn fyrir utan Múlann. Þar bjó Páll Sigurðsson alþingismaður, bráðskarpur maður og skemmtilegur, höfðinglegur á velli. Kona hans Þuríður Þórðardóttir kvenskörungur og gjafmild eins og þær voru allar þessar þrjár er upp voru taldar. Ég get vel ímyndað mér að ég hafi haft matarást á þeim öllum jafnt. Svo kom Eyvindarmúli sem var kirkjustaðurinn okkar. Þar kom ég lítið nema til kirkjunnar og er mér í minni hvað mér var oft kalt að standa úti í hjalli fyrir embætti. En eftir messu var ekki beðið boðanna, allur hópurinn fór austur að Árkvörn og ef við ætluðum að skjótast fram hjá kom húsmóðirin og dreif allt inn upp á mat og kaffi sem auðvitað var meðtekið þakksamlega eftir alla hjallstöðuna og enda oft kalt úr kirkjunni.

Hlíðarendakot fjórði góði bærinn, þar var riðið um hlaðið þegar verið var á ferð. Þar bjó fyrst, er ég man, Þorsteinn Einarsson, merkiskall, og Helga Erlingsdóttir amma Þorsteins skálds Erlingssonar, enda ólst hann þar upp og þótti mér snemma skemmtilegur. Þessu nærst kom Hlíðarendi, þar bjuggu Erlendur Árnason og Bóel Eyjólfsdóttir, góð hjón og mjög gestrisin. Ég gleymdi að eftir Þorstein gamla í Hlíðarendakoti tók þar við búi Ólafur Pálsson, stjúpsonur Þorsteins gamla, og Guðrún Árnadóttir frá Fljótsdal. Þau eru nú orðin gömul og búa þar enn þrátt fyrir öll ónotin sem Þverá gamla gerir á landareign þeirra. Svona er að vera tryggur og fastur fyrir eins og þau Hlíðarendakotshjón hafa alla daga verið og gestrisnin mikil. Þar hef ég aldrei farið svo um hlað að ekki sé sjálfsagt að bíða eftir hressingu.

Ég gekk í spurningar út að Deild til prestsins síra Stefáns Stephensen sem var Hlíðarprestur í þrjú ár, tvö kostgangari á Múla en eitt í Deild, þar sem hann byrjaði búskap. Við systurnar tvær þeyttum þangað til spurninga á reiðhestunum pabba og mömmu, Brún ég en hin á Væng. Báðum góðum hestunum og því var oft sprett úr spori, þvílíkt líka reiðarlag, báðar vildu verða fljótari en alltaf varð það jafnt hjá okkur. Oft voru lækir og ár vondar yfirferðar um vorið og oft fylgdi prestur okkur sjálfur að afloknum spurningum. Þau hjón voru okkur fjarska góð og minnst ég ætíð síra Stefáns með þakklæti. Hann fermdi okkur systurnar bara tvær saman 2. sunnudag eftir trínitatis í Teigskirkju, daginn sem hann kvaddi söfnuði sína þar sem hann fór prestur að Görðum á Akranesi. Út af þeirri veitingu kom vísa í Þjóðólfi, ef mig minnir rétt, hún var svona:

Þó ei Garðar gæfust mér
gremur mig ei núna,
viti menn ég ekki er
í ætt við biskupsfrúna.

Séra Benidikt Þórðarson á Brjánslæk sótti líka um brauðið en ekki man ég hvort nafnið hans stóð undir henni.

Einn er nú bærinn eftir ótalinn, það er Vatnsdalur. Þar bjó þá jústiráð Magnús Stephensen og voru þau hjónin komin á efri ár þegar ég fékk að koma þangað fyrst og vera þar oft tíma og tíma í alls konar fagnaði. Systkinin voru þá öll uppkomin því þau eru öll eldri en ég. Það átti nú kannske að fara að kenna mér til handanna, sauma krosssaum og fleira en mig minnir að það gengi ekki greitt þar sem ég hafði ekki neina löngun til að læra neitt af því sem kvenfólki bar að gera. Frúin gaf mér til dæmis krosssaumssessuver með helmingnum ósaumuðum svo nú átti ég að sauma helminginn. Lengi var þetta í smíðum því ég var ákaflega löt við það. Magnús, sem seinna varð Landshöfðingi, var þá heima og tók stundum sessuverið og saumaði þegar ég þurfti að standa upp frá því og sagði einu sinni við mig: „Aldrei kemurðu þessu saumi af Helga ef ég hjálpaði þér ekki til“. Þá hálfskammaðist ég mín og ég held ég hafi verið lítið eitt iðnari eftir þetta. Bókstaflega langaði mig til að lesa í bók, skrifa og smíða. Til þess hafði ég sterka náttúru og handlag. Einu sinni heyrði ég að Stephensen sagði við mömmu: „Lofaðu stelpunni að smíða“, en það hreif nú ekkert. En vænt þótti mér um það sem hann sagði því ég vonaði að það yrði tekið til greina en svo varð ekki. Í Vatnsdal lifði ég marga ánægjusama daga og fyrnist það aldrei í huga mínum. Þegar ég var komin heim þaðan í hvert sinn, skrappt ég oft fram í smíðahúsið hans þabba þegar hann var þar ekki, alltaf í óþóknun þó, sem von var. Honum fannst ég ekki bæta hefiltannirnar í heflunum sínum því þær vildu stundum fara illa í boltana í bekknum hans.

Svona liðu nú þessi árin og var nú komið að því að ég yfirlæfi Hlíðina og hef ég oft raulað þessa undurfallegu vísu:

Hlíðin mín fríða
hjalla meður græna,
blágresið blíða,
berjalautu væna,
á þér ástaraugu
ungur réð ég festa,
blómmóðir besta. O.s.frv.

Það hefur ekkert eins og þessi vísa minnt mig svo átakanlega á fegurð Hlíðarinnar.

Svona liðu nú árin þessi þar til ég var 21 árs að ég giftist, 18. júlí 1868, Helga Jónssyni frá Árbæ í Holtum og fór þangað tveimur dögum seinna. Nú hefði þurft að koma breyting á háttalag mitt úr því ég var gengin í þá stöðu sem ég var svo ónáttúruð fyrir. En enginn má sköpum renna. Allt fyrir þetta var mér tekið tveim höndum á Árbæ, bæði af tengdamóður minni og öðrum. Snemma fór ég að verða lasin til heilsunnar og því vildi ekki gamla konan láta mig taka hendi minni í kalt vatn, jafn heilsugóð og dugleg og hún hafði verið sjálf. Hún var komin

yfir 70ugt þegar ég kom og lifði svo átta ár með mér og þótti mér tómlegt þegar sætið hennar varð autt.

Jörðin Árbær er fremur skemmtileg jörð í mörgu, stór tún en útengi ekki eiginlega grasgefið. Hagbeit mjög góð, sér í lagi fyrir sauði. Mannfreak var jörðin og þurftum við að hafa þrjá vinnumenn og smalastrák og fjórar vinnukonur. Túnin voru í órækt þegar ég kom þangað, höfðu langtum of lítinn áburð og var nú farið að reyna til að auka hann. Bæði með því að láta kýr og ær vera inni á nóttum, blanda áburðinn með mold og mómylsnu og heppnaðist hvoru tveggja vel. Safnfor var byggð en illa og seint gekk að láta hana halda, jarðvegurinn var svo ansi óþægur við okkur. Grjót var lítið til, sement hafði maður enga hugmynd um að væri til í þá daga til sveita, samt tókst á endanum með forina og varð að miklum notum, svo nú fóru túnin óðum að batna.

Fyrsta sumarið mitt þar fengum við 160 hesta af töðu en síðari árin 250–300 hesta. Sveinn Sveinsson búfræðingur var fenginn til að skera fram mýri sem aldrei gat sprottið vegna ískaldrar vatnsvætu. Hann var hjá okkur einu sinni í hálfan mánuð með nokkra menn og gaf sá kostnaður seinna góðan arð. Kálgarður var einn og ekki þó stór. Það spratt nú svo í honum að fyrsta haustið sem ég var þar, var allur ávöxturinn hálf t matartrog. Byggður var nýr garður og borin í þá mykja ár eftir ár og mesti jarðaravöxtur hjá okkur varð 25 tonn af gulrófum og 10 tonn af kartöflum. Þær vildu aldrei spretta vel hverninn sem með garðana var farið. Jarðvegurinn var miklu betri fyrir rófur, þær voru oft 4–9 merkur að stærð. Nú er jarðræktartalið á enda.

Ekki var gestavant á Árbæ, beinlínis var það ekki í þjóðbraut en margir riðu um fyrir norðan túngarðinn. Allir sem upp á Landið fóru og til Hreppanna, og eins aftur allir sem að ofan komu, margir komu heim. Auðvitað ekki allir, það væri ofsagt. Þegar riðið var í Landréttir á fimmtudaginn var hlaðið rennifullt af hestum, hvar sem fólkið hefur haldið sig. Þegar rigning var þann dag var ekki alltaf sem hreinlegastur bærinn á Árbæ. Jú, það mátti bruna sér fótskriðu um gólfín. Stúlkurnar höfðu nóg að gera um kvöldið þegar allt var farið, að ræsta svo svolítið til.

Oft fór ég í Landréttir og þótti gaman að þegar gott var veður og tunglsljós. Við fórum í kringum klukkan fjögur og komum inn eftir kringum sjö. Þá var oftast komið langt með að tjalda búðir. Hvít tjöld ótal og kertisstubbur í hverju tjaldi. Hjá heldra fólkinu tveir og þrír, það lætur alltaf meira eftir sér og má líka betur við því. Þegar búíð var að spretta af hestunum og hefta var farið inn í tjald og farið að hugsa um að gromsa á katlinum því alltaf hafði ég með mér kaffi, sykur, lummur og stundum kleinur. Langt var að hlaupa í bakarí í þá daga og varð maður að gera sér þetta að góðu. Oft var glatt á hjalla í tjöldunum framan af nóttinni, sungið og skeggrætt eftir því hvað hvur og einn var náttúraður fyrir. Svo kom blessuð harmonikan. Að henni þótti nú kannske skemmtun. Annað hljóðfæri heyrðist ekki né sást.

Oft var verið úti á vellinum til og frá um nesið því þetta var réttu nafni kallað Réttanes. Það er er ljómandi fallett pláss, stórt, rennislétt með háum klettum að norðan svo logn er undir þeim í norðanátt þó vindur sé. Rangá rennur í bugðu fyrir öllu nesinu og er þar fögur útsjón á morgnana þegar sólin var fyrst að strá geislum sínum yfir héraðið. Ég gleymi seint þeirri ljómandi fegurð sem gagntók hugann þær indælu morgunstundir sem ég var þar. Réttirnar voru

vel hlaðnar úr grjóti, dyrastafir og hurðir úr tré á hverjum dilki, hvað þá í sjálfum almenningnum sem var nú stærst og viðhafnarmest. Féð breiddi sig um endilangt nesið og voru menn skipaðir af hreppstjórum og maktarmönnum til að passa safnið. Farið var svo með birtunni að rétta. En þá fór nú lífið að verða allt daufara fyrir kvenfólki og krökkum því þá voru nú margir orðnir syfjaðir og hálf óhollir eftir næturvökuna þó veður væri gott. En þá varð nú að súpa sér ósvikinn sopa af groggi til þess að minnka í sér hrollinn svo farið var að bera sig betur eftir því sem leið á morguninn. Þegar klukkan var orðin eitt um daginn fór það fyrsta að hefja sig til burtferðar og var búið að fá nóg af skemmtununum, sér í lagi af sönglistinni sem bergmálaði fyrir eyrunum á mér að minnsta kosti þangað til ég var komin heim, jafnvel þangað til búið var að sofa úr sér rotið.

Í mýmörg ár gistu tveir menn á Árbæ fyrir réttirnar. Komu alltaf sama dag og voru svo samferða í Landréttir og svo þaðan til okkar þegar þær voru úti. Það voru þeir vinir okkar Arinbjörn Ólafsson í Tjarnarkoti í Njarðvíkum suður og Páll Pálsson í Vatnsnesi. Þeir voru ekki að breyta ferðalagi sínu né vera sitt í hverjum staðnum. Þeirra vinskapur og tryggð voru eins og bjargfastir steinar sem staðið hafa óhreyfðir í margar aldir.

Fleiri Suðurnesjastórbændur komu en höfðu ekki gistingu að staðaldri nema þessir tveir. Flest gisti í kringum réttirnar. Ég man eitt haust voru 14, og 19 voru undir heimilisfastir. Það kom sér þá vel að Árbæjarkirkja var í smíðum svo aumingja vinnufólkið fór þangað. Auðvitað fór ekkert illa um það en það var hálfkalt um hausttímann en það bar sig vel og fékk gott kaffi um morguninn þegar það kom inn úr kirkjunni.

Oft var mannmargt við Árbæjarkirkju á þeim dögum og eftirstöður miklar, oft fram í kveld því margt þurftu bændur að spjalla þegar saman var komið á kirkjustaðnum, semja fjallseðil, lesa upp hrossalýsingar og fleira í kirkjudyrum áður en fólkið fór út. Það var svo sem nauðsynlegt að allir fengju að heyra það. Lesarinn vildi engan setja hjá. Viljað gat auðvitanlega til að hestur kæmi ókunnugur annaðhvort í hagana ellegar í túnið og þá var gott að vera búinn að hlusta á lesturinn í kirkjudyrum.

Síra Benidikt Eiríksson var presturinn minn í 16 ár. Hann var stakasta ljúfmenni, reglumaður mesti en klerkur ekki meira en í meðallagi. Hefðu ræður hans verið helmingi styttri hefði almenningi ekki orðið eins rótt og svefnamt undir þeim eins og raun varð á. Þeir voru sérlega heppnir í sætavalinu sem hafði hlotnast að sitja efstir í stól, það var svo undurþægilegt að geta hallað sér út af. Fólkið var allt fyrir löngu ræðurnar mjög kirkjurækið. Jafnvel konur af utustu bæjum úr sókninni, sem er nokkuð langur vegur, komu oft og einatt í skafrenningsbyljum. Allir vissu það að ekki stóð nokkurn tíma á prestinum, hann var þessi fyrirtaks ferðamaður og átti ljómandi góða hesta. Hann kom hverju sem viðraði aleinn ofan frá Guttormshaga og var heldur sjaldan nætursakir nema þegar hann þurfti að hlýða ungdóminum yfir kverið, sem hann lauk miklu af í einu þegar hann tók sig til.

Allir sýndu gamla mannum elskublandna virðingu sem hann átti skilið fyrir framferði sitt utan kirkju. Og þegar bændur komu inn í kórduarnar hneigðu þeir sig bæði með höfði og hnjám, ég hugsa fyrir prestinum fyrir altarinu. Ég hafði ekki séð það í Hlíðinni. Þegar inn í bæinn kom ruddust allir, karlar og konur, í einni þvögu hvur sem fyrstur gat að þakka fyrir ræðuna og stundum skaust um leið svuntuhornið kvenanna upp að augunum en vinstri handleggis ermin

kallmannanna sömu leiðina. Það var svo sem ekki tilhlýðilegt að þeir væru eftirbátar konanna sinna.

Að þessu loknu settust þeir inn í stofu að spjalla saman en konur tóku sér sæti í loftinu á meðan verið var að hella upp á stóru könnuna úr stóra katlinum sem eitt sinn var keyptur hjá Thorgrímssen á Eyrarbakka og rúmaði 10 potta af vatni. Eldakonan mín sá alltaf um það að það væri komið að suðu á honum þegar ég kom inn. Konurnar fóru nú að rabba saman. Aðalyrkisefnið vildi nú eitthvað verða um búskapinn. Hverninn hefði gengið að þvo og þurrka ullarlagðinn, hvað sméroggnin væri þung af strokknum mál hvurt, hvurninn hefði gengið með skánina, aukatöðin og svo móinn, hvort allt þetta væri komið undir þak. Já þak, þau voru nú ekki beysin, þau hriðláku, óhræsis torfþekjurnar, svo illa verkaðist eldiviðurinn, jafnvel þó skráþurr væri hirtur. Það voru nú meiri vandræðin að eiga við það allt saman. Þá minntust þær á vefjarvinnuna, hún gekk nú náttúrulega mismunandi, eins og gerist. Sumar voru búnar að láta vefa 50, sumar 60, sumar hundrað, sumar tvö, þrjú hundruð álnir, allt eftir efnum og ástæðum. Ólukkans plögginn draga svo mikið frá að það eru hrein vandræði. Það þarf ekki svo lítið af þessum plöggum þar sem eru 10–12–14 manns í heimili og svo margt krakkar.

Þau slitu kannske ekki sokkunum greyaraangarnir, ja því lík líka ósköp, en skemmtileg eru þau samt allt fyrir þetta, krakkaangarnir. Það er hún Gunna mín greyið eða hann Nonni minn, hann er nú farinn að stafa, Gunna að stauta, Kata að klóra þó engir sé til eiginlega sem geta sýnt henni að draga til stafs. Vala er að byrja að taka lykkjuna og gengur vel. Svona mátti nú heyra ræðurnar í Árbæjarbaðstofunni þriðja hvern sunnudag í 28 ár.

Mér þótti leiðinlegast að mega ekki taka þátt í samræðunum, það gerði kaffigreyið, en bót í máli var að hægt var að fá sér svartan sopa áður en fullhelt var upp á með hnaukaþykkum rjóma sem valla hneig. Það var ekki verið að spara hann í þá tíð. Ekki var verið að selja smérið. Ein tíu pund af sméri seldum við, í öll þessi ár fyrir peninga, frá Eymundsen í Reykjavík.

Svo ég hverfi aftur að hvað í loftinu gerðist. Gömlu konurnar höfðu stungið í vasann áður en þær fóru til kirkjunnar, sykurklunk, skonrokssköku eða kringlu. Svo þegar þær voru sestar niður fyrir embætti vöppuðu agnirnar litlu að þeim þar sem þær sátu og brostu framan í þær. Þær skildu, fóru með höndurnar undir svuntu sína sitt hvoru megin því vasarnir voru lausir með böndum sem bundið var yfir um mittið, stundum voru þeir stangaðir, stundum með blómstursaum hjá heldri konum. Þangað þukla þær og brjóta í sundur stóreflis sykurmola í tvennt eða þrennt eftir því sem viðtakendur eru margir. Síðan er fram borin skonrokskaka og sykurmoli allvænn og þá fór nú að hýrna yfir litlu greyjunum. Þær vildu losa sig við góðgætið áður en þær færu í kirkjuna. Eftir allt það áður sagða fóru þær nú að hippa sig úr loftinu, eftir að hafa fengið kaffisopa, hver til hesta sinna og síðan á stað eftir að hafa kvatt með ótal kossum sem skaðskemmdi oft á mér varimar. Svo er þessari kirkjugöngu loksins lokið.

Svona liðu nú mörg ár viðburðalítill en tímarnir breyttust, margar framfarir urðu á þessum árum. Vegir voru lagðir, brýr komust á Þjórsá og Ölvesá til ómetanlegs gagns jafnt fyrir lága sem háa. Þjórsárbrú var vígð 28. júlí 1895 en Ölvesá sumarið 1891, 8. september. Margur var hálfskelkaður fyrst í stað og margur hesturinn nötraði og skalf fyrst í stað en það fór fljótt af þeim. Þeir hafa fljótt haft vit á því hvað þeim leið betur með þetta en að vera drifnir út í árnar

í hverju veðri sem var, oft í jakaferð og ísskrið og þótti manni nú orðið ógurlegt að horfa á slíkt. Ég gat aldrei horft á það, sneri alltaf við þeim bakinu og lygndi oft aftur augunum.

Einhver menntunarmynd var að skapast ófullkomin þó. Umgangskennarar fóru að verða á sveimi og dvelja svo sem hálfan mánuð í hverjum stað og hefur það að líkindum verið allgott á móti því sem áður var, sem var ekkert. Oft heyrðist að bændur voru að kvarta yfir versluninni. Ég var ekkert inn í þess háttar tali. Ég man aðeins að það ískraði í konunum þegar kaffið steig í verði, til dæmis árin 1875–1876–1877, að það komst í krónu. Kellingarnar hnipruðu sig uppi í rúminu sínu og mölduðu í barminn: „Skárri er það nú fjandans óverðið á kaffitetrinu, eins og það hressir mann og hitar brjóstið“. Svo aftur seinna tók ekki betra við því 1890–1891 varð það 1.20 öra. Þá ætluðu þær hinar sömu, og lifandi voru, hreint af göflum að ganga. Árin 1895–1896 var það 1.10, svo fór það heldur lækkandi og samhliða því ergjan og ergelsið minnkandi því þá var farið fremur að skjótast í að hita auka kaffi við og við, við hátíðleg tækifæri, hirðingar mó og skánarflutning, ullarþvott og svo þar fram eftir götunum. Síðan hefur þessi vinsæla vara aldrei orðið jafn dýr síðan.

Oft var umferðafólk á flakki um sveitirnar sem nú er aflagt með öllu. Það var nógu gaman að því sumu, það kunni frá mörgu að segja úr sínu héraði. Sumt satt sjálfsagt og sumt að maður hélt nokkuð ýkt og orðum aukið. Sat það stundum tvær–þrjár nætur á betri bæjunum sem kallaðir voru. Það voru ævinlega kallaðir betri bæir sem ríkastir voru að gripum og gangandi fé og hefur það máske til sanns mátt færa að nokkru leyti. En ekki voru þessar persónur vinsælli hjá þeim óríkari. Sumir urðu fegnir að láta það mala kornlúku um sláttinn þegar ekkert var til í kökurnar og enginn heimamanna mátti vera að því sökum annríkis um bjargræðistímann.

Margir karlar og kerlingar komu að Árbæ og var ekki síður að amast neitt við þessum greyjum og aldrei búið um þá út í fjósbas eða hesthúsi sem sums staðar hafði verið síður. Þetta voru þó manneskjur þó þær væru ekki hátt settar í mannvirðingastiganum. Þetta voru fátæklingar, það sýndi klæðnaður þeirra, reiðtygi og allt sem það var meðferðis.

Margar kellingar voru á ferð úr nágrannasveitunum, auðvitað karlar líka. Höfðu þeir oft ýmsar sögur að segja, kerlingarnar voru miklu fátækari af þeim til jafnaðar, sem einu gildi því flestar gengu þær út á hreysti þeirra og harðfengi og voru þær ævinlega mjög ýktar að allir héldu. Ég ætla að segja tvær smásögur til sanninda eftir sama kallinum. Sú fyrri byrjar svona: „Einu sinni sem oft var ég ásamt fleirum að safna Landmannaafrétt. Einn dag sótti svo mikill svefn á mig, já óvanalega mikill, að ég þorði ekki annað en búast til heimferðar og settist á bak Rauð mínum sáluga. Ég sofnaði undir eins og ég var kominn á bak og vissi ekkert af mér fyrr en Rauður minn rak hausinn í bæjarpilið á Brekkum og þá hrökk ég upp. Eftir tímanum hefur Rauður minn farið allan þennan langa veg á harða spretti“. Önnur sögusögn hans var þessi: „Einu sinni í miklum þurrki fór ég snemma til sláttar. Ég sló frá sólaruppkomu til dagmála og þurfti aldrei að brýna spíkina mína, en ég baglaði⁵ hana sjálfur“.

Kall í Fljótshlíðinni sagði þessa sögu af sér: „Einu sinni á ferðum mínum vóð ég yfir Markarfljót og náði vatnið í buxnastreng og varð ég ekkert votur, en ég hafði ofið pjötluna

⁵ Smíðaði. – Orðið er haft um óvandaða smíð.

sjálfur“. Smásaga eftir þriðja kallinn sem kom út úr Breiðabólstaðarkirkju: „Ég var að hugsa um það um embættið að ef þú fargaðir henni Rauðku þinni þá láttu mig sitja fyrir átunni af henni“.

Þá kemur fjórði kallinn sem aldrei gat talað nema tóm öfugmæli og ambögur. Eitt sinn varð honum að orði: „Þegar frostinu linnir þá grípur mann gaddurinn“. Eitt sinn sem oftast kom hann að Barkarstöðum og segir við systur mína: „Mikið ertu orðin stór stúlka Ingibjörg mín, þú ert alltaf að stækka, þú stendur alltaf við í stað“. Allar þessar smásögur eru sannar þó ég nafngreini ekki kallana en oft var brosað að þeim. Þetta er nú inn í skot við söguna.

Ég var áður búin að minnast á sóknarprestinn minn síra Benidikt gamla. Þegar hann lét af prestskap varð prestur okkar vorið 1884 síra Ólafur Ólafsson. Ekki er hægt að neita því að gamla mannum ólöstuðum brá fólki mikið við að vera í kirkju. Alla hætti að dotta og halla sér upp að þilinu sem voru svo heppnir að eiga þar sæti (því þá átti hver úthlutað sætum). Hann fékk sama orð í Holtunum og sagt var um Nestor gamla: „Ræðan flaut honum af vörum, sætari en hunang“. Eftir því var hann fyrir altarinu og svo söngmaður mikill. Í átta ár var hann prestur Holtamanna, þangað til vorið 1893 að hann fluttist að Arnarbæli í Ölvesi og þar var hann prestur þangað til vorið 1903 að hann varð fríkirkjuprestur í Reykjavík. Í Holtunum saknaði hans hver maður, mér vitanlega, sem eðlilegt var því hann var mikið vinsæll og þau hjón bæði. Sama vor sem síra Ólafur fór, kom síra Ófeigur Vigfússon og var hann prestur minn í fjögur ár. Dágóður prestur og ljúfmenni.

Á meðan ég dvaldi í Rangárvallasýslu, sem voru 49 ár, voru 5 læknar, Skúli Thorarensen á Móeiðarhvoli, Þorgrímur Ásmundsson í Odda, Tómas Hallgrímsson var í Odda, Bogi Pétursson bjó í Kirkjubæ á Rangárvöllum, Ólafur Guðmundsson bjó á Stórolfshvoli, allir góðir menn og vinsælir.

Sýslumenn voru þessi árin: Magnús Stepensen bjó í Vatnsdal, Hermann Elías Johnsen bjó á Velli í Hvolhrepp, Páll Briem var fyrst kostgangari í Odda, bjó síðan fjögur ár á Árbæ í Holtum sem minnst verður síðar.

Öll þessi ár voru aðeins 3 prófastar í sýslunni: Ásmundur Jónsson í Odda, Skúli Gíslason á Breiðabólstað en að honum látnum Kjartan Einarsson í Holti og er hann það enn í dag þegar þetta er ritað.

Þanninn liðu nú þessi rúm 20 ár, þangað til ég missti manninn 3. janúar 1891 eftir langa og stranga legu. Eftir það varð mikil breyting á lífi mínu, sem oftast vill raun á verða, svo ég treysti mér ekki til að halda áfram búskap lengur en til vorsins 1893 og að Árbænum flutti sig sýslumaður Páll Briem og bjó hann þar í 4 ár því hann fékk veitingu fyrir amtmannsembættinu nyrðra. En í hans stað kom aftur Magnús Torfason sýslumaður og var ég með honum 3 missiri.

Þessi árin var ég í húsmennsku á Árbæ ásamt dóttur minni Ingibjörgu sem hefur verið með mér síðan gegnum þykkt og þunnt. Á þessum árum voru margir bláþræðir á þræðinum mínum en gildra orsaka vegna ætla ég ekki að fara meira út í þá sálma hér. Sigríður dóttir mín giftist Jónasi Árnasyni á Reynifelli á Rangárvöllum vorið 1893 og hafa þau búið þar síðan.

Vorið 1896 fluttist ég ásamt dóttur minni og gamalli vinnukonu minni, Guðrúnu Sigurðardóttir, út á Eyrarbakka og keypti ég þar lítið hús fyrir 1400 krónur, að mig minnir. Það var í því 1 stofa og eldhús en uppi svefnloft. Kjallari var undir húsinu og svo lét ég smíða skúr með norðurhlið hússins fyrir geymslu, 4 álnir á breidd. Kálgarður fylgdi húsinu dágóður en batnaði mikið þegar fram liðu stundir enda hafði ég ekki annað að stunda utanhúss en gera honum til góða eftir því sem ég megnaði. Lóðargjald, svo var það kallað á Eyrarbakka, var 15 krónur og var það hátt eins og alstaðar í því plássi. Lefoli kallinn var harður í horn að taka.

Margar kunningjakonur átti ég á Bakkanum og reyndust mér allar vel, margar best þegar mér lá mest á. Stóra-Hraun er skammt frá Eyrarbakka, sem kunnugir vita, þar bjó síra Ólafur Helgason frændi minn og vinur og Kristín Ísleifsdóttir. Þangað kom ég oft, ekki aðeins hverja jólanótt heldur miklu oftar. Þau vildu okkur allt til skemmtunar gera. Ég man alltaf eftir því þegar ég frétti látið hans og því ætla ég að segja frá ofurlitlum viðburði sem fyrir mig kom þann dag.

Það var laugardagur og var Ingibjörg að þvo gólfíð í loftinu svo á meðan flutti ég mig utar að stigagatinu með rokkinn minn. Allt í einu kemur yfir mig svo mikill ískaldur kulur sem gegntekur mig svo alla að ég get ekki lýst því hvað járnkaldur hann var, svo ég segi: „Ætli að allar hurðir standi opnar upp á gátt?“ Ingibjörg hleypur ofan og segir að allar hurðir séu harðlokaðar. Nokkrum mínútum síðar kemur frú Nielsen inn til okkar og segir okkur lát síra Ólafs Helgasonar. Þá fann ég hverninn þessu var varið sem yfir mig kom þó maður geti ekki gert sér grein fyrir hverninn á því standi. Fleira smávegis hefur komið fyrir mig af þessu „dulræna“ sem Brynjólfur gamli nefnir en ég ætla ekki að setja það hér, það er flest lítið í varið.

Tíu ár vorum við á Eyrarbakka. Þaðan fluttum við haustið 1906 suður til Reykjavíkur. Þar hefur nú lítið á dagana drifið enda eru 6 ár ekki langur tími þegar lítið er til baka. Að sumu leyti uni ég mér betur en ekki að sumu. Aðallega er það sjórinn á Eyrarbakka sem ég sakna ekki en æði margt annars. Hann volgraði mér oft undir uggum, sér í lagi um nætur þar allt lék á reiðiskjálfi. Marga nóttina fór ég ekki úr fötum þar eð enginn kallmaður var í húsinu. Það var betra að einhver væri á ferli ef rúða færi úr glugga sem oft átti sér stað. Stundum var sjógangurinn svo mikill að hann skall upp á húsin og þá gekk nú mikið á en það kom nú ekki svo mjög oft fyrir. Mig furðar mest á að sjórinn skuli heita sama nafninu á Eyrarbakka og í Reykjavík. Þvílíkur munur að sjá það, hvítfyssandi brimið eins og hæsta bæjarburst sem mörgum þótti svo tilkomumikið, sést ekki í Reykjavík. Mér þótti í rauninni aldrei gaman að horfa á það þó hópar af fólki gengu fram í sjógarðshlið að dáðst að þessu undri náttúrunnar. Á gamlaársdag 1911 hætti ég við þessa ófullkomnu frásögu en bæti máské við hana seinna ef ég lifi.

Nú eru liðin 3 ár sem ég hef öngu bætt við þessa syrpu mína enda hefur ekkert markvert á dagana drifið fyrir mér, en aðeins ætla ég að bæta við örfáum línunum um það sem mér hefur gleymst frá fyrri dögnum og ætti að tilheyra blaðsíðu 4 og 5. Og ætla ég að byrja á Þórarinum Árnasyni frænda mínum sem sjaldan var nefndur annað en jarðyrkjumaðurinn. Við vorum systrabörn. Hann fór til Jótlands og lærði þar jarðyrkjuna sem ekki var títt á þeim dögum. Hann kom með plóg og höfðum við ekki séð hann fyrir. Eftir að hann kom úr siglingunni dvaldi hann á heimili foreldra minna en ekki man ég hvað það var lengi og ekki heldur hvort það var oftar en einu sinni, ég var þá svo ung. Mér er það helst í minni hvað hann var finn og vel klæddur í

klæðisfrakka og grænu vesti. Þetta var óvanalegt að sjá og þótti mér mikið til koma að eiga slíkan frænda. Svo spillti það ekki til hvað hann var kátur og skemmtilegur og söngmaður ágætur. Ég man það enn hvað oft ég bað hann um að syngja. Setti hann mig þá upp á hné sér og byrjaði með sama, þá var mér skemmt. Út af þessu öllu hændumst við krakkarnir svo mikið að honum og sáum mikið eftir honum þegar hann fór í burtu.

Þá er að minnast á hann Jón söðla, svo var hann alltaf kallaður eftir það hann lærði hjá Steinssen sáluga í Reykjavík. Hann dvaldi oft langvistum hjá foreldrum mínum. Það þótti mikið til mannsins koma á meðan hann var í blóma lífsins, þar sem hann var hár og gildur, vel vaxinn og höfðinglegur, bókavinur mikill og greindur vel. Hann kunni ensku og ferðaðist oft með útlendingum. Nokkuð var hann harður í horn að taka við okkur unglíngana, sér í lagi þegar hann var að kenna okkur að spila vist. Hann kunni hana mætavel og vildi svo líka að við lærðum hana vel. Margri blómarósinni leist vel á manninn þó öngri auðnaðist að ná hylli hans:

En allar vildu meyjar
með Ingólfi ganga
þær er vaxnar voru
vesöl kvaðst æ hver lítil.

Það var meining manna að hann hefði bara einu sinni verið forlyftur í stúlku eins og vísan bendir á sem kveðin var í Reykjavík þegar hann var að læra söðlasmíðina, hún er svona:

Fríður er Jón í flokki meyja.
Fríður er Jón í tungljósi.
Fríður er Jón frá fjöllum Eyja.
Fríður er Jón á værksteðe.⁶
Fríður er Jón og furðu þen,
forlyftur upp hjá Helgasen.⁷

Meira man ég nú ekki um hann Jón söðla að segja.

Á blaðsíðu 8 minntist ég lítið eitt á Þorstein Erlingsson sem ólst upp í Hlíðarendakoti. Skammt var þangað frá Barkarstöðum svo hann var vel kunnugur hjá okkur. Hann var 10–11 árum yngri en ég. Ég man hvað hann var fallegur, fjörugur og skemmtinn og hvers manns hugljúfi. Hann var ekki gamall þegar bar á því að hann var skáldmæltur. Og árið 1876 orti hann erfiljóð eftir Pál Pálsson sem á svo sorglegan hátt hrapaði í Bleiksárgljúfri sem er á milli Barkarstaða og Árkvarnar. Þau þóttu svo ljómandi falleg. Fyrsta erindið af 6 er svona:

Sorgin er djúp og sár og rík,
hve sár er dauðinn harði,
því þú ert vinur lagður lík
langt fyrr en nokkurn varð.
En hér þótt lilja hnígi skær,
hún þúsund sinnum fegur grær

⁶ Verkstæði.

⁷ Vísuna orti Benedikt Gröndal.

í drottins aldingarði.

Austur fréttist að Steingrími Thorsteinssen hefði þótt mikið til þeirra koma eftir jafn ungan mann. Eftir að hann fór úr Hlíðinni þekkti ég hann nú lítið í mörg ár og ætla þá að hlaupa yfir þau að öllu leyti en oft hefur nafn hans verið nefnt um dagana, sumir hlýlega og svo aðrir á annan veg, því verður ekki neitað. En þeir tímar eru nú liðnir og hann fallinn frá en ljóðmælin hans fyrnast seint þeim sem einu sinni hafa tekið ástfóstri við þau.

Eftir að ég kom til Reykjavíkur hitti ég Þorstein oft og alltaf var sama fjöruga og hlýja viðmótið. Og vænt þótti mér alltaf um hvað honum var hlýtt til æskustöðvanna okkar Hlíðarinnar og gamla fólksins sem nú er allt undir lok liðið fyrir löngu, löngu. Hann minntist þess oft og fannst mikið til þess koma. Svona var hann tryggur og ógleyminn þótt hann einu sinni í ljóðum sínum segði: „þótt hverflyndur sé ég og gleyminn“, þá fannst mér það ekki með þetta, hvað sem nú öðru leið.

Ég hef áður minnst margra embættismanna í sýslunni en þó ekki nærri allra sem ég sá og heyrði og ætla ég að telja þá upp en ekki er ég viss um að ég geti munað að hafa þá í réttri röð. Það er farið að ryðga fyrir mér en verður máske skárri en ekki neitt.

Síra Kjartan Jónsson var lengi prestur í Skógum, klerkur í Holti var síra Sveinbjörn Guðmundsson, sagður góður prestur og tónaði mjög vel. Síra Þorvarður Jónsson var einninn í Holti. Hann var svo góður söngmaður að yndi var að heyra hann syngja, ég gleymi því aldrei (að einu sinni heyrði ég hann skíra barn) og hvað hann söng vel versíð „Faðir, sonur og friðarandi“. Það voru þau fegurstu hljóð sem ég hef heyrt á ævi minni. En nokkuð fannst honum til sín koma því eitt sinn var þetta haft eftir honum: „Kennivaldið í Holti, kammerráðið í Vatnsdal, kóngurinn í Danmörk, keisarinn í Róm. Ef þessir eru ekki túskildings virði veit ég ekki hverjir það eru“.

Björn Þorvaldsson klerkur í Holti var skörungur mikill. Það mátti sjá frítt föruneysi þegar hann var á ferð með konu sína og 5 börn. Allt ríðandi rauðum hestum, jafnmargir runnu lausir, allir rauðir og hver öðrum fallegri. Svo kemur til sögunnar síra Björn Jónsson prestur í Stóradalsþingum, hann bjó í Miðmörk. Hann var ýmist kallaður Brauða-Björn eða Roða-Björn og spannst það út af því að hann mátti ekki borða kjöt og eftir sjálfs hans sögusögn var það því að kenna að þegar hann var prestur í Grímsey ætlaði bóndi einn, Tómas á Borgum, eitt sinn að kyrkja hann og eftir það var kjötátinu lokið. Og sannleikur var það að þegar hann fór að heiman var alltaf vaðmálsmalur fyrir aftan hnakkinn, mismunandi úttroðinn eftir því hvað langt átti að ferðast. Í malnum voru soðkökur, brauðskorpur, roð og uggar. Þegar hann fékk ekki annað en kjöt á bæjunum varð hann að skjótast inn í eitthvert skúmaskotið, til dæmis fjós, lambhús, hjall, skemmu með malinn til að sefa hungrið. Ég man eftir því þegar hann fór út að Odda að vera við jarðarför Jóns lektors þá kom hann að Barkarstöðum, þá var malurinn svo beintroðinn að vel hefði mátt drepa á honum lús því hann bjóst við að verða 2–3 nætur í túrnum. Þá var hann í skjóðum fyrir skinnsokka, annar fóturinn hvítur en annar dekkri. Líkt þessu var allur útgangur á honum enda átti hann ekki myndarlega konu. Einu sinni var vinnumaður á næsta bæ við Barkarstaði næturgestur í Miðmörk. Hann sagði að um kvöldið hefði presti verið bornar 20 soðkökur á stóru fati. Hann settist við og var að þangað til hann gafst upp á þeirri 19du. Hann

var nú rengdur um að þetta gæti satt verið en hann sagði það satt vera og sel ég ekki söguna dýrari en ég keypti. Síra Björn sótti um Reynivelli í Kjós og þar minnir mig að hann dæi.

Eftir hann kom prestur að Miðmörk síra Jón Bjarnason, sagður gáfaður maður. – Hlíðarpresta hef ég víst flesta talað um nema tvo. Síra Jón Halldórsson bjó á Barkarstöðum á meðan hann var í Innhlíðinni þangað til hann fékk Breiðabólstað. Og eftir það sá ég hann fyrst þar, sem ég var þá svo ung. Hann var hár maður, toginleitur og hvítleitur, þrúðmenni í framgöngu, merkur maður. Stór hrísla var í bæjargilinu á Barkarstöðum í fremstu klettasnösinni vestanmegin, sem hann sagði að væri jafngömul sér. Ég man eftir henni og þá var hún alveg hætt að blómgva á sumarin en stofninn var gildur en nokkuð var það að sama árið sem síra Jón dó féll hríslan til jarðar og þótti merkilegt. – Ég man eftir börnum síra Jóns ekki síst Sæmundi og Sigríði, þau sungu svo vel.

Síra Hannes Stephensen var Innhlíðarprestur nokkur ár. Hann var kostgangari hjá foreldrum mínum þangað til hann fór að Mýrum í Skaftafellssýslu og þar dó hann ungur. Hann var bráðduglegur maður og skemmtilegur. – Síra Jón Eiríksson var prestur að Stórólshvoli og þjónaði í Sigluvík með. – Baldvin Jónsson var prestur nokkur ár í Keldnaþingum, bjó á Stokkalæk, skelfing langur og mjór, gáfaður en heilsulaus og varð ekki gamall. Eftir hann kom síra Ísleifur Gíslason, bjó fyrst á Stokkalæk en síðar í Vestri-Kirkjubæ, mikið laglegur maður, nettmenni og ágætur prestur.

Landprestur var í mörg ár síra Guðmundur Jónsson og bjó á Stóru-Völlum. Að honum látnum kom þangað síra Jónas Jónasson, gáfumaður, ákaflega skemmtilegur og ágætur ræðumaður en tónaði ekki. Ég var komin að Árbæ fyrir löngu þegar hann var á Landinu. Hann kom oft að Árbæ og var skemmtilegur gestur. Þá var öngu síður að heimsækja hann á meðan hann var í Austvaðsholti. Hann átti svo ljómandi fallegt bókasafn og margar með myndum sem hann var að sýna manni. Honum var svo ljúft að útskýra efni og innihald því margar voru þær á þýsku. Ég sá mikið eftir þegar hann fór í burtu af Landinu.

Síra Matthías var nokkur ár Oddaprestur og þarf ekki að lýsa honum þar sem hann er alþekktur. Það var gott og skemmtilegt að heimsækja hann og þau hjón bæði og jafnskemmtilegur gestur var hann þegar hann kom að Árbæ. Eftir hann kom Oddaprestur síra Skúli Skúlason og er hann þar enn í dag. Merkismaður og er hann alþekktur.

Kálfholtsprestar voru: síra Stefán Thordarsen, fallegur maður hvar sem hann var litinn. Eftir því kátur og skemmtilegur og vinsæll. Jón Brynjólfsson, sem lengi bjó bóndi í Hafshól, vígðist fullorðinn að Kálfholti eftir síra Stefán. Manna minnstur og eftir því grannur en spilandi fjörugur og snar í snúningum. Gamansamur, skáldmæltur var hann þó ljóð hans bæru með sér einkennilegan blæ. Ég man eina vísu sem hann orti um þau hjónin á þeirra síðustu árum, hún er svona:

Elli kröm og kláða urgur
kroppinn hjóna sló,
kirtla lóm og dúða durgur
dável undu þó.

Líkar þessari voru margar hans vísur einkennilegar að orðfæri. Eftir hann kom prestur að Kálfholti síra Oddgeir Guðmundsson, ansi myndarlegur á velli, dágóður prestur, að sagt var söngmaður góður. Eftir hann varð Kálfholtsprestur síra Ólafur Finnsson og er þar enn í dag.

Landeyjaprestum man ég eftir síra Jóni Hjartarsyni. Hár og herðimikill og mjög höfðinglegur. Raddmaður og góður prestur, minnir mig að sagt væri, ég var þá svo ung. Eftir hann kom síra Halldór Þorsteinsson.

Nú er ég búin að nefna víst flestalla embættismenn sýslunnar eftir því sem ég frekast man en vel getur verið að þeirri frásögn sé mjög ábótavant, að minnsta kosti hefur orðið skakkt hjá mér með prestana í Holti. Síra Þorvarður átti að vera fyrstur, síra Björn þarnaest og svo síra Sveinbjörn.

Stundum hef ég séð í ævisögum minnst hverninn mataræðið var á þeirra dögum og er ég að hugsa um að gera það líka. Hjá foreldrum mínum var fyrst á morgnana kaffi, svo til morgunmatar kl. 9–10 fiskæti og kökur, oft blóðmör. Kaffi um hádegið, miðdagsmatur ýmist bankabyggsgrautur, spaðsúpa, ketgrautur, mélmjólk sem kallað var og var hún úr nýmjólk og þótti flestum indæll matur því nóg var oftast mjólkinn, oftast 12 kýr á kvöldin, skyr og mjólk, súrt þeim sem það vildu. Harðfiskurinn (þorskur) og alltaf nýtt kúasmér, eins og ég sagði áður, á morgnana. Þegar fram í sótti var farið að hafa þriðja kaffið eftir miðdaginn. En þegar mamma mín var að alast upp, sem fædd var 1816, var ekki kaffi sjáanlegt, það var ekki til. Þá keypti afi minn Sæmundur heitinn Ögmundsson eitt pund, mig minnir, um árið og lét hita þeim hjónum einstöku sinnum kaffi. Öngan langaði í það að hún sagði og hugsaði ekkert um það. Þá var einstöku sinnum gefinn fjórði partur af köku. Svona var nú mataræðið í þá daga.

Eftir að ég fór að búa var nú mikil breyting orðin frá uppvaxtarárum mínum. Farið að brúka megri mélnat, alltaf mikið af fiskæti og þá var kominn smáfiskurinn úr Njarðvíkunum en lítið um þorsk. En alltaf var reynt að hafa sem mest af fiskinum. Nýtt smér var brúkað við þegar það var til, sem var nú meira af árinu, nema að vetrinum þangað til kýrnar fóru að bera þá var brúkaður þorskalýsisbræðingur með. Á hátíðum var brúkaður þykkur grjónagrautur með kanel og sykri og rjómandlandinni mjólk, hangiket og stórar kökur og brauð með kaffinu, lummur, kleinur og vöplur og eins við ýms tækifæri, til dæmis heyhirdingar. Ég nefni nú ekki í töðugjöldin og svo var látið drjúpa ögn í það handa þeim sem það þóknaðist, sem ekki voru nú allir, en flestir þáðu bragð enda var það saklaust. Það var aldrei í neinu óhófi, síður en svo, það gerði ekki annað en gleðja og fjörga. Það var nú sumstaðar brúkað miklu meir en hjá okkur og þessu minna á heimili pabba míns. Hann tók eitt heilanker á lestunum og það dugði yfir árið einstöku gesti og örsjaldan í kaffi handa vinnumönnunum. Þetta var nú öll vínbrúkunin á bænum þeim, eins á Árbæ og getur það ekki minna verið, gott ef sú brúkun á þeirri vöru er ekki eins mikil nú þó pukrað sé með það meira og er það ekki mikið viðfeldnara að brúka yfirdrepsskap og hræsni, já ósannindi. Ég held að hefði betur farið að vinsölubannið hefði aldrei komist á. Mér finnst hafa margt illt af því leitt sem maður verður að játa er syndsamlegt, óorðheldni, fjarskaleg svik í viðskiptum manna á milli sem varla þekktist á mínum yngri árum. Svona finnst mér eftir bestu samvisku lífernismátinn vera orðinn hjá alltof mörgum, þó sorglegt sé að segja það. En þetta hefur líklega verið svona á öllum öldum því eftir því sem Hallgrímur Pétursson segir: „Heimur versnandi fer“, þá er að heyra að honum hafi fundist þetta og ef allt

Þetta illa sem mér finnst vera að ágerast hjá alltof mörgum, þá verður ekkert gleðilegt að hugsa til að lifa í framtíðinni. Mér dettur í hug saga sem var í gamla ævintýrinu um syndapokann sem kerlingin var að skoða hjá honum Pétri postula í himnaríki. Hún bað hann um að sýna sér pokann prestsins síns. Hún hélt að hann væri nú ekki stór. „Nokkuð svona“ segir Pétur og sýnir henni fullan tunnusekk. Kerling hristir höfuðið og segir: „Þá held ég minn sé gerðarlegur“. „Já, já“, segir Pétur og sýnir henni sjóvettling sem er annar þumallinn á rúmlega hálfur. Þá gengur fyrst yfir kellu, labbar heim til sín hrygg í huga yfir syndapokanum prestsins síns. Já, já, svo að víki aftur að því fyrra, þá eiga nú ekki allir sömu málagreininna því alltof marga hef ég fundið á lífsleiðinni sem hafa verið mér mæta góðir, bæði karlar og konur og væri þá of langt upp að telja, fyrst á ungdómsárum svo eins árin sem ég dvaldi á Árbæ, góðir mér og svo ágætiskonur. Á Eyrarbakka kom ég ókunnug öllum nema tveimur hjónum, Guðmundi Guðmundssyni bóksala og hans ágætiskonu og Einari kaupmanni Jónssyni og var eins við mig strax af gömlum kunningssskap.

Svo fór ég að kynnast fólki smátt og smátt. Ingvari beykir og hans góðu konu og skemmtilegu. Ísak Jónssyni og hans konu, sér í lagi var ég kunnug henni að góðu. Hópsnes var ég vel kunnug að öllu góðu, svo bættist við hópinn Ragnheiður Blöndal sem varð kona Guðmundar Guðmundssonar yngra sem kallaður var og nú er kaupfélagsstjóri á Eyrarbakka. Hún varð mér strax svo eitthvað innilega góð og notaleg að ég hef aldrei hitt fyrir slíka og því hélt hún til hins síðasta að ég yfirgaf Bakkann.

Frú Nielsen, kona factors Nielsens, var mér eins og móðir, alltaf best þegar mér leið sem bágast í veikindum mínum. Guðríður frændkona mín einninn best þegar mér lá mest á. Guðrún Einarsdóttir kona Halldórs Gíslasonar trésmiðs mér ágæt. Þá voru læknishjónin Ásgeir Blöndal og ég verð að segja það að hann rataði í mitt hús og tók engan eyri fyrir allar þær göngur fyrir utan þá miklu hjálp sem ég naut af hans hendi sem mér aldrei ber að gleyma, fyrir utan allt smærra mér er í minni. Einu sinni á gamlárskvöld fór ég til hans að biðja hann að draga úr mér jaxl. Þá var hann að búa sig í kirkjuna. Hann var ekki lengi að hugsa sig um hvort hann ætti að gera það og tók hann með sama svo fyrir það leið mér betur. En ég var búin að búast við um hátíðina, ekkert var svo sem tekið fyrir þó tæki hann úr mér 8 tennur.

Þegar ég er að rifja þetta upp er hann kominn um borð í Sterling á leið af Eyrarbakka eftir 22 ára dvöl þar og flytur sig alfarinn norður á Húsavík í annað sinn. Hugheilar blessunaróskir mínar fylgja þeim ágætishjónum héðan af Suðurlandi til Húsavíkur þann 19. ágúst 1918. Já, já, svona hafa nú allir þessir karlar og konur reynst mér að undanskildum sárafáum sem mér dettur ekki í hug að nafngreina hér því þá get ég ekki farið að taka aftur það sem ég hef skrifað um það sem ég heyri oft dags daglega en það er alls ekki neitt gleðjandi.

Ég vildi óska þess að allir væru sem bestir og breyttu sem réttast og sanngjarnast hver við annan, þá væri þessi tilvera mörgum geðfelldari en oft vill verða og brestur einna mest kærleiksvöntunin. Ég finn það svo daglega hjá sjálfri mér og öðrum hvað ég læt sitja í fyrirrúmi að koma mínu fram en skeyti of lítið um aðra og er það af kærleiksleysinu. Þetta kemst þráfaldlega til tals á mínu fámenna heimili og er þá skoðanamunur. Hún vill hugsa meira um að gera náunganum þann greiða sem hún getur en mér hættir alltaf við að hugsa fyrst um hag minn áður en ég hjálpa öðrum. Þetta er áreiðanlega skakkt skoðað af mér og er ég oft hugsandi

út af þessu þegar á elliárin er komið og máski heldur seint að iðrast eftir dauðann. Ég set það fyrir mig að ég hafi látið of lítið gott af mér leiða á meðan ég hafði meiri efni en nú orðið. Ég hef oft hugsað um það að ég álít nauðsynlegt að unga fólkið fái að læra það sem það hefur sterka löngun til að nema til þess að verða nýtari menn í mannfélaginu.

Ég sting hendinni í minn eigin barm. Ég fékk ekkert að læra af því sem mig langaði til að læra og varð svo liðlétt og lítilfjörleg til alls. Bróðursonur minn kom til mín 3 ár og ólst upp hjá mér þar til hann var 15 ára að ég hætti að búa. Þá fór allt fólkið í allar áttir og hann komst á flæking, fór að hrekjast suður með sjó sitt í hvern staðinn misjafna eins og gerist oft. Þá var ég komin út á Eyrarbakka. Af honum frétti ég nú þetta og þótti sárt. Ég skrifaði honum og spurði hann hvort hann langaði ekki til að læra að smíða. Hann skrifar mér aftur og segir já. Ég skrifa honum aftur að hann skuli koma austur á Bakka því nú sé ég búin að koma honum fyrir hjá trésmið og eigi hann að vera þar í 3 ár upp á fæði og skóleður og það varð að hann dvelur þar í 3 ár á besta heimili, blæs í sundur sem kallað er og vinnur þó mikið en reglulega öll þau ár sem liðin eru. Síðan á hann með sig sjálfur, á konu og mörg börn og farnast vel eftir ástæðum. Ég tók alltaf eftir því þegar hann kom í bæinn, var hnífurinn og spýtan komin í hendurnar á honum en heldur ónáttúraður fyrir aðra vinnu þó hann yrði að gera hana. Ég hef ekki séð eftir að mér hugkvæmdist að láta hann taka það fyrir því hann er sagður ansi duglegur. – Ég held ég fari nú að botna þessa harla ómerkilegu frásögn og er þá komið fram í september 1918.